

áætlunarstaða, þar sem árlegur meðalfjöldi farþega árin 1990 og 1991 er minni en 12 þúsund farþegar, gilda út leyfistímann. Ráðuneytið gefur út sérstaka tilkynningu þar að lútandi. (Sjá þó III. c)).

### III. Almenn ákvæði.

- a) Sérleyfum fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á viðkomandi flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningsþörf krefur, að dómi ráðuneytisins (flugeftirlitsnefndar).
- b) Leyfum til almenns áætlunarflugs (án sérleyfis) fylgir réttur til að stunda áætlunarflug á viðkomandi flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, skv. fyrirfram samþykktri áætlun.
- c) Nú breytast sérleyfi í áætlunarleyfi, sbr. II. c), og gilda þá eftirfarandi reglur:
  - sá aðili sem haft hefur sérleyfi verður sjálfkrafa handhafi almenns áætlunarleyfis út leyfistímann.
  - verði öðrum aðilum veitt leyfi til flutninga á viðkomandi leið, má hlutdeild þeirra út leyfistímann eigi vera meiri en sem nemur 20% af áætlaðri flutningsþörf, eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma.
- d) Flugrekstraraðilar þurfa að uppfylla almenn skilyrði reglugerðar nr. 381/1989 um flugrekstur, svo og önnur flugöryggis- og rekstrarskilyrði sem sett kunna að verða af stjórnvöldum.
- e) Flugeftirlitsnefnd, sem skipuð er skv. reglugerð um flugrekstur, mun hafa með höndum eftirlit með þjónustu flugrekstraraðila, þ.m.t. eftirlit með far- og farmgjöldum, tímaáætlunum o.fl., og annað sem ráðherra kann að fela henni í starfsreglum.
- f) Loftferðaeftirlit flugmálastjórnar hefur eftirlit með tækni- og öryggismálum flugrekstraraðila.
- g) Einu ári áður en áætlunarleyfi renna út skal úthlutun leyfa fyrir næsta tímabil vera lokið.

*Samgönguráðuneytið, 3. nóvember 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Þorlákshafnar.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Ölfushrepps í Árnessýslu hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 11. október 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á staðfestu aðalskipulagi Þorlákshafnar 1984–2004 að aðveitustöð rafmagnsveitnanna sem fyrirhuguð var norðan byggðarinnar færast u.þ.b. 300 m. vestur fyrir Smalavörðu. Jafnframt færast framtíðar háspennulínur vestur fyrir byggðina.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*